

Þjóðskjalasafn Íslands

Notendahandbók – Málasafn

Reglur og stefna

Útgáfa 9:
20. maí 2022

Höfundur útgáfu 9: S. Andrea Ásgeirsdóttir, Pjóðskjalasafn Íslands (2022).

Byggð á Notendahandbók útgáfu 8, höfundur: Arna M. Eggertsdóttir, Pjóðskjalasafn Íslands (2017).

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Tilgangur og innihald rafræns gagnasafns	7
2.1	Lög	7
2.2	Reglur	8
2.3	Tengsl við önnur gagnasöfn	8
3	Stefna Þjóðskjalasafns.....	10
3.1	Stefna Þjóðskjalasafns fyrir skjalavörslu og skjalastjórn	10
3.2	Markmið	10
3.3	Ábyrgð starfsfólks	11
4	Málalykill – lýsing, notkun og viðhald	12
5	Stofnun og lokun mála	13
5.1	Hvenær á að skrá mál?.....	13
5.2	Hvaða skjöl á að skrá á mál	14
5.3	Tölvupóstur.....	15
5.4	Fyrirspurnir	15
5.5	Fundargerðir.....	16
5.6	Ljósmyndir	16
5.7	Útgefið efni.....	17
5.8	Vinnugögn	17
5.8.1	Vinnusvæði – Teams, Onedrive og sameign	18
5.9	Stofnun mála	19
5.9.1	Viðskiptavinir (málsaðilar).....	19
5.9.2	Stofna mál á viðskiptavin (málsaðila).....	21
5.9.3	Málasniðmát.....	22
5.10	Mál í vinnslu	22
5.11	Lokun mála	23

5.12	Mál fært í skjalasafn	24
6	Skráning mála og málsgagna	25
6.1	Heiti mála*.....	25
6.2	Heiti málsgagna (Efni skjals*).....	26
6.3	Skráning mála.....	29
6.3.1	Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál.....	31
6.3.2	Skráningaratriði máls – Almennt.....	32
6.3.3	Skráningaratriði máls – Flokkun	40
6.3.4	Skráningaratriði máls – Annað	46
6.3.5	Skráningaratriði máls – Öryggi	48
6.3.6	Skráningaratriði máls – Verk máls.....	50
6.3.7	Skráningaratriði máls – Tengdir aðilar	52
6.3.8	Skráningaratriði máls – Tengd mál	53
6.3.9	Skráningaratriði - Tilkynningar	55
6.3.10	Skráningaratriði - Samskipti /Minnisblað	55
6.4	Skráning málsgagna	57
6.4.1	Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir málsgögn.....	58
6.4.2	Skráningaratriði málsgagna.....	59
6.4.3	Skráningaratriði málsgagna – Almennt eða Aðgerðir.....	61
6.4.4	Skráningaratriði málsgagna – Eigindi	62
6.4.5	Skráningaratriði málsgagna – Flokkun/Nánar.....	68
6.4.6	Skráningaratriði málsgagna – Efnisorð	73
6.4.7	Skráningaratriði málsgagna – Athugasemdir.....	74
6.4.8	Skráningaratriði málsgagna – Útgáfusaga	75
6.4.9	Skráningaratriði málsgagna – Saga.....	77
7	Skönnun	78
7.1	Móttaka bréfpósts og erinda	78
7.2	Skönnun eða stafræn endurgerð á hliðrænum gögnum í rafræna gagnasafninu	78
7.2.1	Mál færð í vörluútgáfu.....	79
7.3	Lýsing á ferli skráningar og varðveislu skjala sem ekki eru skönnuð eða eru aðeins skönnuð að hluta.....	80
7.4	Útsend erindi	80

8	Leyfð skráarsnið	82
9	Innleiðing á nýju rafrænu gagnasafni á miðju skjalavörlutímabili	84
9.1	Skjalavörlutímabil – tímabilaskipti	84
9.2	Breytingar á verksviði.....	85
10	Gæðamat á skráningu í rafræna gagnasafnið og eftirlit með skráningarreglum.....	87
11	Afhending til Þjóðskjalasafns Íslands	88
12	Upphaf starfs og starfslok	89
12.1	Móttaka nýs starfsfólks og breytingar á verkefnum	89
12.2	Starfslok og leyfi.....	89
13	Fylgiskjal – Heiti málsgagna.....	90

1 Inngangur

Skjalavörlukerfið OneCRM er rafrænt gagnasafn með skjölum frá One Systems Ísland sem heldur utan um málasafn Þjóðskjalasafn Íslands, rafræna gagnasafnið gengur einnig undir heitinu One.

Útgáfunúmer kerfisins er 4.1.7, sú útgáfa var tekin í notkun 16.03.2022.

Skjalavörlukerfið var fyrst tekið í notkun hjá Þjóðskjalasafni 01.10.2012, útgáfunúmer 3.3, ásamt málalykli sem var samþykktur 05.01.2011. Það var síðan uppfært í útgáfu 4.0 þann 12.09.2016 og aftur í útgáfu 4.1 þann 08.03.2017. Þegar kerfið var innleitt voru hvorki til notkunarreglur fyrir skjalavörlukerfið né reglur um verklag við meðferð mála og skjala. Þegar skjalavörlukerfið var fyrst tekið í notkun starfaði Þjóðskjalasafn samkvæmt lögum nr. 66/1985. Þann 28. maí 2014 tóku ný lög gildi og safnið starfar nú samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Í þessari notendahandbók er sett fram stefna, reglur fyrir meðferð skjala sem tilheyra málasafni og notkun skjalavörlukerfisins. Þær eru kynntar með eftirfarandi hætti í greinargerð um rafræn gagnasöfn frá 2020:

Notendahandbók á að tryggja að rafrænt gagnasafn sé notað á sama hátt af öllum sem það nota og að gæði upplýsinganna séu eins mikil og mögulegt er. Notendahandbók á að gilda fyrir alla sem nota gagnasafnið, þ.e. þá sem ábyrgir eru fyrir gagnasafninu, þá sem sjá um skráningu og þá sem fjalla um einstök mál sem vistuð eru í gagnasafninu. Notendahandbók á að endurskoða reglulega svo tryggt sé að hún lýsi raunverulegri notkun á gagnasafninu.¹

Reglur um skjalastjórn þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Hver ný útgáfa af þessari handbók er gefin út með útgáfunúmeri sem samanstendur af hlaupandi númeri og dagsetningu. Handbókina skal birta á sameign.

Þessi notendahandbók tekur gildi frá 01.04.2022 en þá hefst nýtt skjalavörlutímabil, með nýjum málalykli.

Skjalavörlutímabilinu lýkur 31.03.2027, endurtilkynna þarf skjalavörlukerfið til Þjóðskjalasafns ef grundvallarbreytingar² verða á skjalavörlukerfinu. Með tilkynningunni þarf að fylgja endurskoðuð notendahandbók. Ekki þarf að endurtilkynna nýtt skjalavörlukerfi við upphaf nýs

¹ Sjá greinargerð með reglum um tilkynningu og samþykkt á rafrænum gagnasöfnum og skilum afhendingarskyldra aðila nr. 877/2020 (https://skjalasafn.is/files/docs/Tilkynning_gagnasafna_05_12_2019.pdf sótt 24.11.2021)

² Grundvallarbreytingar eru breytingar sem hafa áhrif á leitaraðferðir rafræns gagnasafns með skjölum, notkunarsvið, innihald skráningarhluta eða varðveislu.

skjalavörlutímabils.³ Samhliða tilkynningunni er málalykillinn endurskoðaður og sendur inn. Málalykil þarf að endurskoða við upphaf hvers skjalavörlutímabils.

³ Sjá 4. gr reglna um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila nr. 877/2020.

2 Tilgangur og innihald rafræns gagnasafns

Tilgangur skjalavörlukerfisins er að halda utan um upplýsingar um þau erindi sem berast Þjóðskjalasafni Íslands og einnig er kerfið ætlað til að hafa yfirsýn yfir innri verkefni Þjóðskjalasafns. Tilgangur skjalavörlukerfisins er að skjalfesta niðurstöður eða upplýsingar og deila þekkingu á milli starfsfólks Þjóðskjalasafns. Þetta er gert með því að skrá kerfisbundið mál og málsgögn í skjalavörlukerfið þannig að hægt sé að fletta þeim upp síðar. Starfsfolk sem þarf vegna þeirra verkefna sem það sinnir að hafa vitneskju um tiltekin mál er hægt að skrá sem ábyrgðaraðila, úrvinnsluaðila eða tengdan aðila máls. Þannig er komið á skilvirkri upplýsingamiðlun með rafrænu gagnasafni.

Skjalavörlukerfið inniheldur mál og málsgögn sem tilheyra málasafni Þjóðskjalasafns Íslands.

Fara skal eftir eftirfarandi lögum og reglum þegar skráð eru mál og málsgögn í málasafnið. Sjá nánar **2.1 Lög** og **2.2**

Reglur. Skjalavörslukerfið skal taka mið af þeim lögum og reglum sem stofnunin starfar eftir.

Verklagi Þjóðskjalasafns við skráningu mála og málsgagna er nánar lýst í kafla **6 Skráning mála og málsgagna**. Skráning mála er tekin fyrir í kafla **6.3 Skráning mála** og lýsing á skráningu málsgagna má sjá í kafla **6.4 Skráning málsgagna**.

2.1 Lög

Helstu lög sem þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- lög um opinber skjalasöfn 77/2014 og reglur sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett um skjalavörslu og skjalastjórn
- upplýsingalög nr. 140/2012
- stjórnsýslulög nr. 37/1993
- lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Nánari lista yfir lagaumhverfi safnsins er hægt að sjá á vef Þjóðskjalasafns:

- <https://skjalasafn.is/lagaumhverfi>

2.2 Reglur

Helstu reglur sem þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila (nr. 877/2020)
- reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila (nr. 331/2020)
- reglur um skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila (nr. 85/2018)
- reglur um frágang, skráningu og afhendingu pappírskjalasafna afhendingarskyldra aðila (nr. 573/2015)
- reglur Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila (nr. 572/2015)
- reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila (nr. 571/2015)
- reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila (nr. 100/2014)

Fjallað er nánar um reglur um skráningu mála og málsgagna nr. 85/2018 í köflunum **5.1 Hvenær á að skrá mál?**, **6.3.1 Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál**, **6.4.1 Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir málsgögn**, **6.3 Skráning mála**, **6.4 Skráning málsgagna** og reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila nr. 331/2020 í kaflanum **5.3 Tölvupóstur**. Einnig er vitnað í reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila nr. 877/2020 í innganginum sjá **1 Inngangur**.

Nánari lista yfir reglur safnsins er hægt að sjá á vef Þjóðskjalasafns.⁴

2.3 Tengsl við önnur gagnasöfn

Mál og málsgögn sem tengjast skjalaflokknum málasafn eru skráð í skjalavörslukerfið One. One telst ekki vera hluti af stærra kerfisumhverfi, eina beintengingin við annað kerfi er tenging við Þjóðskrá þar sem er hægt að finna kennitölur einstaklinga og fyrirtækja til að ganga úr skugga um að málsaðilar séu rétt skráðir.

⁴ Sjá <https://radgjof.skjalasafn.is/skjalavarsla-og-skjalastjorn/reglur-um-skjalavorslu-og-skjalastjorn/>, sótt

Fagsviðið gagnaskil og eftirlit skráir einnig upplýsingar um tilkynningar gagnasafna, grisjunarbeiðnir, afhendingar á vörluútgáfum, málalykla, skjalavistunaráætlanir, samþykktar skjalageymslur, eftirlitsheimsóknir og þroskastig í gagnasafnið Miðjuna sem er FileMaker grunnur.

Miðjan er notuð til að halda utan um þessar upplýsingar til að auðvelda þeim sem starfa í gagnaskilum og eftirliti að hafa yfirsýn yfir ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi skjalasöfn afhendingarskyldra aðila. Einnig er hægt að taka út tölfraði út úr upplýsingunum sem er að finna í Miðjunni.

Geymsluskrár á að varðveita í Geymi (heildarskrá / geymsluskrá ÞÍ). Einstaka sinnum slæðast ein og ein geymsluskrá með í One því þær berast oft með tölvupósti og annað efni í tölvupóstinum á við mál í skjalavörslukerfinu. Þá er um að ræða drög eða eintök af geymsluskrám sem er verið að fara yfir og leiðréttá áður en þær eru færðar í Geymi. Lokaútgáfu geymsluskráa á eingöngu að varðveita í Geymi.

Fagsviðið upplýsingaþjónusta notaði áður gagnasafnið Forna en því hefur nú verið lagt og eru fyrirspurnir til upplýsingaþjónustu skráðar á málalykla í efnissviði 5 í One.

Gögn er varða fjármál t.d. laun og slíkt eru skráð í Orra og ýmis gagnasöfn sem tengjast Orranum hjá Fjársýslu ríkisins. Þó er haldið utan um ráðningasamninga, starfslysingar, prófskírteini, samgöngusamninga, líkamsræktarstyrki og annað er varðar mannauðsmál í sérstökum starfsmannamálum sem eru aðgangsstýrð í One.

3 Stefna Þjóðskjalasafns

Í stefnu⁵ Þjóðskjalasafns Íslands 2022–2027 kemur eftirfarandi fram:

Þjóðskjalasafn Íslands er öflug menningar- og stjórnsýslustofnun sem varðveitir heimildir um sögu þjóðarinnar og leiðir skjalavörsu og skjalastjórn hins opinbera.

Réttindi borgaranna, hagur stjórnsýslunnar ásamt varðveislu og miðlun sögu samfélags á Íslandi eru ætíð höfð að leiðarljósi

Gildi Þjóðskjalasafns eru: Traust, fagmennska og framsýni.

Stefna Þjóðskjalasafns er leiðarljós alls starfsfólks safnsins.

3.1 Stefna Þjóðskjalasafns fyrir skjalavörsu og skjalastjórn

Stefna Þjóðskjalasafns Íslands fyrir skjalavörsu og skjalastjórn er:

- að skjalavarsla og skjalastjórn stofnunarinnar sé í samræmi við þau lög, reglur og staðla sem mynda starfsumhverfi stofnunarinnar
- að skjalavarsla og skjalastjórn stofnunarinnar sé til fyrirmynadar fyrir aðra afhendingarskylda aðila

Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð við móttöku skjala, skráningu þeirra, miðlun upplýsinga, vinnslu mála og frágang til að tryggja áreiðanleika, vandaða málsmeðferð, rekjanleika ákvarðana, öryggi gagna, persónuvernd, varðveislu og endurheimt.

3.2 Markmið

Markmiðin með stefnunni og þeim reglum sem fylgja um málasafn eru:

- að tryggja kerfisbundna stýringu á skjölum
- að stuðla að upplýsingaflæði innan stofnunarinnar
- að stjórnendur hafi yfirsýn yfir stöðu mála eftir sviðum

⁵ Sjá Stefna 2022-2027, Þjóðskjalasafn Íslands

- að starfsfólk hafi yfirsýn yfir stöðu mála sem eru í ábyrgð þess
- að ferlar við meðferð mála verði einfaldir og skýrir
- að tryggja endurheimt upplýsinga
- að hægt sé að rekja hvernig verkefni voru leyst
- að gögn séu skráð og skipulögð með þeim hætti að málaskráin nýtist sem upplýsingakerfi og stuðli að þekkingu
- að saga Þjóðskjalasafns varðveitist til frambúðar

3.3 Ábyrgð starfsfólks

Ábyrgð starfsfólks við málasafn og skjalavörslukerfi:

Þjóðskjalavörður: samkvæmt 22. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 ber forstöðumaður ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu stofnunar.

Aðstoðarþjóðskjalavörður, framkvæmdastjóri rekstrar og fagstjórar: bera ábyrgð á að styðja við framkvæmd skjalastefnunnar og sjá til þess að reglum og ferlum, sem stofnunin setur um skjalastjórn, sé fylgt.

Skjalastjóri: ber faglega ábyrgð á að innri skjalastjórn sé í samræmi við það lagaumhverfi sem stofnunin starfar í og einnig í samræmi við þær reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Hann ber ábyrgð á að semja reglur og leiðbeiningar og veita fræðslu um skjalastjórn fyrir starfsfólk Þjóðskjalasafns Íslands. Skjalastjóri ber ábyrgð á að hafa reglu á málasafni og skjalavörslukerfi og hefur yfirumsjón með skjalasafninu í heild, þ.m.t. öðrum skjalaflokkum.

Kerfisstjóri: ber ábyrgð á að ávallt sé hugað að því hvort breytingar á kerfum/gagnasöfnum stofnunarinnar hafi áhrif á virkni skjalavörslukerfisins. Hann ber jafnframt ábyrgð á að öryggi skjalavörslukerfisins sé tryggt fyrir utanaðkomandi aðilum og að afritun og varðveisla gagnasafnsins sé tryggð.

Starfsfólk: bera hver og eitt ábyrgð á að unnið sé eftir skjalastefnu Þjóðskjalasafns og þeim ber að fylgja þessum reglum sjá nánar **2.2 Reglur** hvort sem skjölin berast til þeirra eða verða til hjá þeim.

4 Málalykill – lýsing, notkun og viðhald

Málalykill er sú skráningaraðferð sem er notuð í skjalavörlukerfinu, til að halda utan um málasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Í inngangi málalykilsins eru fyrirmæli um notkun hans.⁶

Málalykillinn er byggður upp á flokkun eftir efni. Aðeins er mögulegt að flokka hvert mál á eitt málalykilsúmer. Notkun málalykilsins er framkvæmd á þann hátt að málum eru fyrst raðað eftir málalykilsnúmeri og síðan málsnúmeri ef skjöl málsins eru á pappír. Þetta er gert til þess að samskonar mál liggi saman í skjalavörlukerfinu. Í rafrænu gagnasafni er hægt að raða eftir fleiri valmöguleikum t.d. málsaðila, málsnúmeri, heiti máls o.s.fr.v. Skjalastjóri ber ábyrgð á viðhaldi málalykils og endurskoðun hans sjá einnig **3.3 Ábyrgð starfsfólks**. Óheimilt er að gera breytingar á efnissviðum lykilsins nema með samþykki Þjóðskjalasafns Íslands (þ.e.a.s. með samþykki þess starfsfólks sem sér um að fara yfir málalykla afhendingarskyldra aðila). Breyta má aðal- og undirflokkun en skrásetja skal allar breytingar sem eru gerðar jafnóðum í Excel skjal. Allar breytingar eru jafnframt skráðar inn í skjalavörlukerfið One.

⁶ Sjá Málalykill Þjóðskjalasafns Íslands 2022-2027

5 Stofnun og lokun mála

5.1 Hvenær á að skrá mál?

Í fyrstu grein laga um opinber skjalasöfn 77/2014 segir: „Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörlu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.“

Í skjalavörslukerfið eru því skráð mál fyrir **innkomin erindi, verkefni stofnunarinnar og fundargerðir**, í stjórnsýslulegum, lagalegum, viðskiptalegum og sögulegum tilgangi. Í sögulegum tilgangi er átt við að engin stofnun varðveitir sögu Þjóðskjalasafns betur en við sjálf.

Í reglum um skráningu mála og málsgagna nr. 85/2018 kemur eftirfarandi fram í 2. gr.

„Afhendingarskyldir aðilar skulu skrá mál sem koma til **meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt** í eina eða fleiri skrár og **varðveita málsgögn** þannig að þau séu aðgengileg, sbr. 3. og 4. gr. Upplýsingar um málsgögn sem varða sama mál skal skrá undir einkvæmu málsnúmeri.“

Samkvæmt 23. gr. laga um opinber skjalasöfn er skylda að skrá mál sem koma til meðferðar hjá afhendingarskyldum aðilum á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur.

Eftirfarandi mál skal skrá:

- **innkomin erindi** Viðmiðunarreglan er sú að ekki þarf að skrá mál þegar einföldum fyrirspurnum er svarað (t.d. vísun beint í vef Þjóðskjalasafns) eða verið er að ákveða fundartíma. Þegar svarað er formlegu erindi, sem fellur undir lögbundið hlutverk og felur í sér mat eða afgreiðslu, er skráð mál. Sjá einnig kaflana **5.3 Tölvupóstur** og **5.4 Fyrirspurnir**
- **fundargerðir** tilheyra málasafni. Hægt er að skrá fundargerðir á safnmál sem er í vinnslu eitt ár í senn. Einnig er hægt að skrá fundargerðir á eitt mál fyrir ákveðið tímabil t.d. skipunartíma nefndar. Fundargerðir, sem verða til vegna afgreiðslu máls, á að varðveita á viðkomandi máli. Sjá frekari reglur um fundargerðir í kaflanum **5.5 Fundargerðir**
- **ljósmyndir** Þjóðskjalasafns tilheyra málasafni frá 01.01.2020. Sjá nánar í kafla **5.6 Ljósmyndir**
- **önnur verkefni** Mál geta einnig orðið til vegna verkefna sem eiga upphaf sitt hjá stofnuninni sjálfri. Dæmi um þetta er útgáfa bókar, ákvörðun um sýningu eða stjórnumarlegt verkefni t.d. stefnumótunarvinna

5.2 Hvaða skjöl á að skrá á mál

Í kaflanum 6.4 **Skráning málsgagna** er fjallað um skráningaratriði málsgagna eða skjala.

Í leiðbeiningum Þjóðskjalasafns⁷ kemur fram:

Almenna reglan er sú að skjöl skulu skráð í málaskrá ef um er að ræða:

- **móttekið erindi**, ásamt fylgiskjöldum, frá einstaklingi eða lögaðila, sem varðar verkefni viðkomandi afhendingarskylds aðila
- **útsent erindi**, ásamt fylgiskjöldum, sem sent er til einstaklings eða lögaðila
- **skjal** sem inniheldur upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir **úrlausn máls**, s.s. orðsending innanhúss, tölvupóstur, vitnisburður um efni símtala, munnlegur vitnisburður um mál, minnispunktar funda o.s.frv

Rétt er að benda á að í 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er kveðið á um að við

meðferð mála **þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna** ber stjórnvöldum, og öðrum sem lög þessi taka til, að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Sama á við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana, enda komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins. [feitletrun er höfundar]

Í köflum 6.3.1 **Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál** og 6.4.1 **Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir málsgögn** kemur fram hvaða atriði er skylda að skrá um mál og málsgögn.

Dæmi um skjöl sem yfirleitt eru ekki skráð í rafræn skjalavörslukerfi eru:

- drög að bréfum og skýrslum
- póstlistar / heimilisföng (Undantekning: þegar send eru út dreifibréf)
- markpóstur / auglýsingar nema skjölin hafi kallað á ályktanir eða sérstakar aðgerðir af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands
- útgefið efni annarra, t.d. tímarit, kynningarefni og dagblöð nema skjölin hafi kallað á ályktanir eða sérstakar aðgerðir af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands

⁷ Sjá Málasafn, málalykill og málaskrá. Leiðbeiningar fyrir afhendingarskylda aðila ríkisins. Bls. 24.

- bókhaldsskjöl stofnunar, s.s. fylgiskjöl og lánsyfirlit
- ljósmyndir, ef þær fylgja ekki viðkomandi máli
- ýmsir sértækir gagnagrunnar

5.3 Tölvupóstur

Í reglum um meðferð, varðveislu og eyðingu tölvupósta afhendingarskylda aðila nr. 331/2020, 3. gr. kemur eftirfarandi fram:

„Tölvupósta, og fylgiskjöl þeirra, sem varða mál með **efnislegum hætti** skal **skrá og varðveita í skjalasafni** afhendingarskylds aðila.

Heimilt er að eyða tölvupóstum og fylgiskjölum þeirra úr tölvupósthólfum sem hafa verið skráðir og vistaðir í skjalasafni afhendingarskylds aðila.

Heimilt er að eyða öðrum tölvupóstum og fylgiskjölum þeirra.“

Tölvupósta, og fylgiskjöl þeirra, sem varða mál með efnislegum hætti skal skrá og varðveita í málasafni/skjalavörslukerfi, samanber reglur Þjóðskjalasafns nr. 331/2020⁸.

Starfsfólk Þjóðskjalasafns ber að flytja tölvupósta, sem efnislega tilheyra máli, inn á mál í skjalavörslukerfi. Slíkir tölvupóstar mega ekki daga uppi í tölvupósthólfum starfsfólks.

Við mat á því hvort varðveita eigi tiltekinn tölvupóst í skjalavörslukerfinu skal styðjast við skilgreiningar á því hvaða gögn tilheyra málasafni, í köflum **5.1 Hvenær á að skrá mál?** og **5.2 Hvaða skjöl á að skrá á mál** hér að framan.

Tölvupóstum sem tilheyra ekki máli með efnislegum hætti má starfsfólk eyða.

Mælt er með því að starfsfólk eyði ekki tölvupóstum, sem fluttir hafa verið inn á mál, úr tölvupósthólfí sínu fyrr en málið sem tölvupósturinn tilheyrir hefur fengið stöðuna **Fært í skjalasafn**. Öllum gögnum í tölvupósthólfí eyðir starfsfólk þó við starfslok, eftir að búið er að flytja viðeigandi tölvupósta á mál í One.

5.4 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir sem berast í tölvupóstum og með símtölum, sem ekki tilheyra tilteknum afgreiðslum, er hægt að skrá eftir atvikum á mál eða safnmál til þess að hægt sé að halda saman upplýsingum um umfang fyrirspurna á tilteknu sviði. Það er auðvitað háð mati hvað á að skrá af fyrirspurnum

⁸ Reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila (nr. 331/2020).

og óformlegum erindum en taka skal mið af verkefnum og hlutverki hvers sviðs þegar mat er lagt á það hvort rétt sé að skrá samskiptin. Slík skráning tryggir upplýsingaflæði á milli samstarfsfólks auk þess sem hægt er að nota hana til að safna tölfraði og skapa samræmi við svörum fyrirspurna.

5.5 Fundargerðir

Rétt er að hafa eftirfarandi í huga við ritun fundargerða og varðveislu skjala vegna funda:

Í fundargerð er mikilvægt að vísa í málsnúmer í One þegar verið er að taka ákvörðun um afgreiðslu tiltekins máls.

Stílsnið fyrir fundargerðir er að finna í One. Í einstaka tilvikum er hægt að rita fundargerð á minnisblað en mælst er til þess að nota frekar stílsniðið.

Góð regla er að varðveita fundarboð, ásamt fylgiskjölum á máli fundargerða.

Þegar starfsfólk situr fundi sem fulltrúar Þjóðskjalasafns í starfshópum skipuðum af öðrum aðilum en Þjóðskjalasafni, skal starfsfólkvarðveita fundargerðir, fundarboð ásamt málsskjölum og öðrum málsgögnum, á máli í One. Vinnugögn nefnda eða starfshópa, sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegrí ákvörðun og fastmótuðu hlutverki, sem fara á milli skipulagsheilda teljast ekki vera málsgögn, samkvæmt 2. tölulið 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.⁹

5.6 Ljósmyndir

Ljósmyndir Þjóðskjalasafns tilheyra málasafni.

Skráningu ljósmynda er háttáð á eftirfarandi hátt:

- Ljósmyndir sem tilheyra ákveðnu máli í skjalavörslukerfinu á að varðveita á málínú í möppu með heitið „Myndir – heiti málsins sem mappan tilheyrir“, sjá **Mynd 1**
- Ljósmyndir sem eru teknar til að varðveita sögu safnsins og tilheyra ekki ákveðnu máli, teljast til málasafns. Það er gert til þess að tryggja langtíma varðveislu rafraðenna ljósmynda. Ljósmyndir sem varðveittar eru í skjalavörslukerfinu munu því fara í vörsluútgáfu með öðrum gögnum

⁹ Upplýsingalög 140/2012.

Mynd 1: Ljósmyndir varðveittar á máli

- ▷ [!\[\]\(e4d819883f134098bdcdfd1ccb861584_img.jpg\) Myndir - Fullveldisafmæli 01.12.2018 - Afmælisviðburður í þjóðskjalasafni Íslands \(11\)](#)
- ▷ [!\[\]\(454907c4a63da18a91379af2a30f661a_img.jpg\) Myndir - Fundir ríkisskjalavarða á Norðurlöndum 2018 \(1\)](#)
- ▷ [!\[\]\(d994b90baa0188fb29f9c0fc0166055d_img.jpg\) Myndir - Handritasýning - Fullveldisafmæli 2018 - Lifsblómið - fullveldi Íslands í 100 ár \(4\)](#)
- ▷ [!\[\]\(99c94d76b4eeac64b913b566e86c3373_img.jpg\) Myndir - Málþing um persónuupplýsingar - Nordisk](#)
- ▷ [!\[\]\(d8883b50654506e853f29c970af5fcde_img.jpg\) Ekspertseminar i Rigsarkivet, København 31.10.2017 - 01.11.2017 \(11\)](#)
- ▷ [!\[\]\(3d74a13ef247da4ea6803aedb41f5b69_img.jpg\) Myndir - Ráðstefna og móttaka - 200 ára afmæli - Norska Ríkisskjalasafnið \(19\)](#)

Ljósmyndir sem varðveittar eru í skjalavörslukerfinu þurfa að vera á sniði sem heimilt er að flytja inn og varðveita í kerfinu sjá nánar **8**

Leyfð skráarsnið.

5.7 Útgefið efni

Einu til tveimur varðveislueintökum af eigin útgáfu stofnunarinnar, þ.e. þeim ritum og upplýsingarefni sem stofnunin gefur út sjálf, á að skila á skjalasafn til skráningar. Eintökin eru skráð í varðveislueintakaskrá á safnmáli. Skjalastjóri er ábyrgur fyrir þessari skráningu. Eintökin eru til varðveislu og óheimilt er að lána þau út eða taka þau til afnota. Með skráningunni á málið verður til skrá yfir útgefið efni. Ef til er sérstakt mál fyrir útgáfuverkefnið, sem eintakið tilheyrir, skal vísa í það málsnúmer í skráningunni. Útgefið efni getur verið prentuð bók, skýrslur, rafræn útgáfa eða munir. Önnur eintök af útgáfu fara eftir atvikum á lager eða bókasafn. Rafrænt lokaeintak af útgefnu efni má varðveita á máli, ef snið skjalsins er heimilt í skjalavörslukerfinu. Gengið er frá útgefnu prentefni í skjalaöskjur og því raðað í skjalageymslu. Útgefið efni og munir eru því hluti af málasafni en ekki sérstakur skjalaflokkur en er raðað fyrir utan málasafn. Staðsetning efnisins verður **Skjalavörslukerfi og varðveislueintök**.

5.8 Vinnugögn

Í þessari handbók er fjallað um skjalaflokkinn **málasafn**.

Þegar fjallað er um vinnugögn í handbókinni er átt við vinnugögn sem verða til við **afgreiðslu mála**.

Fjallað er um vinnugögn í 8. gr upplýsingalaga.

8. gr. Vinnugögn.

Vinnugögn teljast þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Nú eru gögn afhent öðrum og teljast þau þá ekki lengur til vinnugagna nema þau hafi einvörðungu verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu.

Til vinnugagna teljast einnig eftirtalin gögn, enda fullnægi þau að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.:

1. gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað,
2. gögn sem unnin eru af nefndum eða starfhópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki,
3. gögn sem send eru milli aðila skv. 2. tölul. og annarra stjórnvalda þegar starfsmenn þeirra eiga þar sæti.

Prátt fyrir 5. tölul. 6. gr. ber að afhenda vinnugögn ef:

1. þar kemur fram endanleg ákvörðun um afgreiðslu máls,

2. þar koma fram upplýsingar sem stjórnvaldi er skylt að skrá skv. 1. mgr. 27. gr.,

3. þar koma fram upplýsingar um atvik máls sem ekki koma annars staðar fram,

4. þar kemur fram lýsing á vinnureglum eða stjórnsýsluframkvæmd á viðkomandi sviði.¹⁰

Vinnuskjöl sem rituð eru til eigin afnota, svo og skjöl sem fara á milli deilda, skrifstofa eða að öðru leyti á milli starfsmanna hjá sama stjórnvaldi **á ekki að skrá inn á mál.**

Sú undantekning er á því að ef skjölin hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Ef vinnugögn hafa orðið til við afgreiðslu máls, og starfsfólk telur ástæðu til að varðveita gögnin, skal gera minnisblað sjá **6.3.10 Skráningaratriði - Samskipti /Minnisblað** á málið þar sem fram kemur hvar vinnugögnin eru varðveitt.

5.8.1 Vinnusvæði – Teams, Onedrive og sameign

Teams, Onedrive og sameign eru **vinnusvæði** þar sem við getum t.d.:

- unnið að skjalagerð með samstarfsfólk okkar og jafnvel utanaðkomandi fólk t.d. ráðgjöfum eða starfsfólk annarra stofnana
- setið fundi
- átt samskipti á spjallþráðum
- átt símtöl

Athugið að skjöl sem unnið er með á vinnusvæði, sem varða mál með efnislegum hætti skal skrá og varðveita í málasafni/skjalavörsłukerfi.

Skjalavörsłukerfið er staðurinn fyrir gögn sem á að varðveita til langframa. Gögnunum verður skilað í vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns.

Það er góð vinnuregla að merkja gögn á vinnusvæðunum með málsnúmeri.

5.9 Stofnun mála

Allt starfsfólk Þjóðskjalasafns hefur heimild til að stofna mál. Móttaka bréfpósts er í höndum skjalastjóra sjá nánar **7.1 Móttaka bréfpósts og erinda.**

¹⁰ Upplýsingalög 140/2012, 8.gr.

Þjár tegundir af málum eru notuð sjá nánar **6.3.3.5 Tegund máls***. Mælt er með að nota *Almennt mál* að svo miklu leyti sem auðið er.

5.9.1 Viðskiptavinir (málsaðilar)

Til að stofna mál er farið í sjónarhornið *Viðskiptavinir* og þar er leitað eftir heiti viðskiptavinar. Ekki er hægt að ljúka stofnun máls nema málsaðili (hér viðskiptavinur) hafi verið valinn. Sá aðili sem er upphafsmaður erindis þ.e. sendir inn eða móttetur erindi er málsaðili. Þjóðskjalasafn er oft málsaðili mála sem eru stofnuð vegna innanhúsverkefna eða þegar sams konar erindi eru send til margra aðila t.d. bréf til allra héraðsskjalasafna.

Sjónarhornið *Viðskiptavinir* inniheldur upplýsingar um bæði lögaðila og einstaklinga. Ef málsaðilinn finnst ekki í viðskiptavinum þá þarf að stofna nýjan viðskiptavin. Í viðskiptavinum er hægt að velja annað hvort að stofna *Nýtt fyrirtæki* eða *Nýr einstaklingur* eftir því sem við á sjá

Mynd 2.

Mynd 2: Nýtt fyrirtæki – nýr viðskiptavinur

The screenshot shows a software interface with a blue header bar containing the text 'Almennt' and 'Hjálp'. Below the header, there are two icons: a house icon labeled 'Nýtt fyrirtæki' and a person icon labeled 'Nýr einstaklingur'. A section titled 'Nafn starfsmanns' contains a tree view of contacts. The 'OneCRM' node is expanded, showing several sub-nodes: 'Viðskiptavinir' (which is highlighted with an orange background), 'Óvirkir - Viðskiptavinir', 'Starfsstöðvar', and 'Tengiliðir'. Below this, a collapsed node 'Greiningar viðskiptavina' is visible. To the right of the tree view, there are standard file operations buttons: a circular arrow for refresh, a downward arrow for copy, and a double downward arrow for move.

Í báðum möguleikum er tenging við Þjóðskrá með því að ýta á hnappinn *Þjóðskrá* sjá **Mynd 3** þar sem hægt er að fletta upp viðskiptavinum eftir nafni, kennitölu, heimlisfangi o.s.fr.v.

Mynd 3: Fletta upp viðskiptavini í Þjóðskrá

Nafn	Kennitala	Heimili	Staður
þjóðsagan um Gretti ehf.	5501033380	Engihjalla 8	Kópavogur
þjóðskjalasafn Íslands	7102691149	Pósthólf 5390	Reykjavík
þjóðskrá Íslands	6503760649	Borgartúni 21	Reykjavík

Ef við á er heimilt að skrá skammstöfun fyrir viðskiptavini í sviga fyrir aftan fullt nafn, í þeim tilgangi að gera skammstöfunina leitarbæra. Viðskiptavinir sem hafa verið lagðir niður, hætt starfsemi eða fengið nýtt nafn, má ekki eyða úr málsaðilaskránni. Ef viðskiptavinur fær nýtt nafn skal stofna nýjan viðskiptavin fyrir nýja heitið þannig að viðskiptavinur finnist bæði undir nýja og gamla heitinu. Rétt er að skrá skýringu í sviga fyrir aftan heiti ef breytingar verða á heiti viðskiptavinar sjá **Mynd 4**.

Mynd 4: Viðskiptavinur – breytingar á heiti viðskiptavinar

Ekki er hægt að ljúka skráningu á málsaðila nema með því að skrá nafn og kennitölu viðskiptavinar. Mikilvægt er að skrá og auðkenna einstaklinga eftir kennitölu, til þess að tryggja örugga persónugreiningu, þ.e. að mál séu skráð á rétta einstaklinga. Notkun kennitölu er heimil samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.


Erlenda aðila og félagasamtök sem ekki hafa kennitölu í þjóðskrá má skrá með gervikennitölu. Gervikennitala er kölluð fram með því að smella á hnappinn *Sækja dummy kt.* á aðgerðarstíkunni sjá **Mynd 6**.

Gagnlegt er að skrá samskiptaupplýsingar t.d. símanúmer og netfang en það er ekki nauðsynlegt. Til að færa upplýsingarnar frá leitarglugganum (til hægri) yfir í þann vinstri þarf að ýta á litla táknið fyrir framan nafn viðskiptavinar. Til að vista upplýsingar um viðskiptavin er ýtt á *Vista og loka*.

5.9.2 Stofna mál á viðskiptavin (málsaðila)

Til að stofna mál á málsaðila (viðskiptavin) þarf notandi að vera í viðskiptavinar sjónarhorninu sjá **Mynd 5**. Áður en nýtt mál er stofnað skal athuga hvort búið sé að stofna mál um sama erindi á sama viðskiptavin. Ef ekki þá velur notandi *Nýtt mál*. Þegar valið er *Nýtt mál*, þá er verið að stofna mál með því að nota málasniðmát sjá **5.9.3 Málasniðmát**. Ef ekki er til málasniðmát fyrir viðkomandi mál skal velja *Nýtt almennt mál*, en þá þarf að fylla út allar upplýsingar handvirkta. Alltaf skal kanna fyrst hvort til sé málasniðmát fyrir viðkomandi mál áður en það er stofnað.

Mynd 5: Viðskiptavinur - stofna nýtt mál



The screenshot shows the 'Viðskiptavinur' application window. At the top, there are tabs: 'Almennt' (selected), 'Hjálp', 'Viðskiptavinur' (highlighted in blue), 'Stofna' (selected), and 'Aðgerðir'. Below these are four icons: 'Sækja undirskjöl', 'Nýr tengiliður', 'Ný starfsstöð', and 'Nytt almennt mál' (highlighted with a red box). The main area is titled 'Nafn starfsmanns' and shows a tree view under 'OneCRM': 'Viðskiptavinir' (selected) has children 'Óvirkir - Viðskiptavinir', 'Starfsstöðvar', and 'Tengiliðir'; 'Greiningar viðskiptavina' is collapsed. To the right is a table titled 'Heiti' with columns 'Heiti' and 'Staða'. It lists several entries: '101 Reykjavík fasteignasala ehf (1)' (Virk), '365 miðlar hf. (3)' (Virk), '450 fasteignasala ehf. (1)' (Virk), 'A4 ehf. (1)' (Virk), 'Aarhus Stadsarkiv (1)' (Virk), and 'Aarhus Universitetsforlag (1)' (Virk).

Á **Mynd 6** er skráning máls hafin á málsaðilanum Þjóðskjalasafn Íslands. Þegar málsaðili hefur verið valinn og skráning málsins hafin er hægt að velja bæði tengdan aðila og tengilið með því að fara í *Tengdir aðilar*. Hafa ber í huga að tengiliðir úreldast, það er því ekki ætlast til að notendur eyði miklum tíma í skráningu tengiliða. Lögð er áhersla á að stofna viðskiptavini fremur en tengiliði. Þegar mál er stofnað er það komið í ábyrgð þess einstaklings sem er ábyrgðaraðili málsins sjá nánar **6.3.2.3 Ábyrgðaraðili***. Í kaflanum **6.3 Skráning mála** er fjallað um þau atriði sem er skylda að skrá um mál og sömuleiðis þau atriði sem er valfrjálst að skrá. Þegar farið hefur verið yfir skráningaratriði máls og skráningin staðfest með *Vista og loka* er málið tilbúið og sést nú sem nýjasta málið í sjónarhorninu *Málaskrá*.

Mynd 6: Finna viðskiptavin í Þjóðskrá

Nafn	Kennitala	Heimili	Staður
Bjóðskjalasafn Íslands	7102691149	Pósthólf 5390	Reykjavík

Ef mál er skráð á starfsmann og hann telur að málið eigi ekki að vera á hans ábyrgð ber honum að tilkynna það til skjalastjóra svo hægt sé að flytja málið yfir á réttan starfsmann.

5.9.3 Málasniðmát

Skjalastjóri fer yfir skráningu, flokkun, aðgang og verklag við vinnslu mála með notendum og í framhaldi af því er hægt að skrá málasniðmát í kerfið. Málasniðmát felur það í sér að búið er að forskrá málið þannig að fyrirfram er búið að skilgreina flest skráningaratriði málsins. Með málasniðmátnum sparast tími, skráning verður samræmdari og endurheimt betri.

5.10 Mál í vinnslu

Þegar mál hefur verið skráð er það komið í ábyrgð þess einstaklings sem er skráður fyrir því. Á meðan mál er í vinnslu er það á ábyrgð þeirra starfsmanna sem skráðir eru fyrir því að skrá á málið þau skjöl sem myndast við úrlausn verkefnisins og nauðsynlegt er að varðveita. Það geta verið bréf, minnisblöð, tölvupóstssamskipti, skýrslur, útsend bréf o.s.frv. Efni símtala, funda og viðtala sem geta skipt miklu við úrvinnslu mála skal starfsmaður skrá í skjalavörslukerfi.¹¹ Hafa ber hugfast að það er ekki form skjals sem ræður því hvort ber að varðveita skjalið heldur efnisinnihald skjalsins.

Ef mögulegt er má mynda skjöl í skjalavörslukerfinu, það sparar tíma en hentar ekki við vinnslu allra mála. Mikilvægt er að gæta að því að varðveita endanlegar og réttar útgáfur skjala.

¹¹ Upplýsingalög 140/2012, 27. gr.

5.11 Lokun mála

Ábyrgðaraðili máls ber ábyrgð á því að fara vel yfir málið og málsgögn þess og færir síðan stöðu málsins í *Lokið*.

Ef mál hefur verið lengi á bið og ef það líða 6-12 mánuðir eða meira frá síðustu samskiptum þá má setja minnisblað á málið og loka því. Þegar og ef gögnin berast, þá má annað hvort enduropna málið eða stofna nýtt mál og tengja við gamla málið, eftir því sem við á. Ef hafa orðið tímabilaskipti í milltíðinni þá er stofnað framhaldsmál.

Áður en starfsfólk færir málið í stöðuna *Lokið* er ætlast til þess að það fari yfir málið eftir neðangreindum gátlista:

- eru öll skjöl sem tilheyra málinu komin inn á málið?
- fylgja málinu skjöl á pappír sem skila þarf til skjalastjóra?
- eru skráningaratriði skjala málsins rétt? Sjá nánar **6.4 Skráning málsgagna**
- eru dagsetningar/móttökudagsetningar skjala réttar? Sjá nánar **6.4.4.1**

Skráningaratriði málsgagna – Móttökudagsetning*

- er efnislína málsins skýr og lýsandi fyrir efni málsins? Sjá nánar **6.1 Heiti mála***
- er ástæða til að lagfæra efnislínur skjalanna á málinu? Muna að leysa úr skammstöfunum. Sjá nánar **6.2 Heiti málsgagna (Efni skjals*)**
- er ástæða til að vísa í vinnuskjöl? Sjá nánar **5.8 Vinnugögn**
- er ástæða til að útbúa minnisblað til að skýra tiltekin atriði nánar? Sjá nánar **6.3.10**

Skráningaratriði - Samskipti /Minnisblað

- er málsaðili réttur? Sjá nánar **5.9.1 Viðskiptavinir (málsaðilar)**
- eru aukamálsaðilar tengdir? Sjá nánar **6.3.7 Skráningaratriði máls – Tengdir aðilar**
- þarf að tengja málið við annað mál? Sjá nánar **6.3.8 Skráningaratriði máls – Tengd mál**
- þarf að hreinsa út Reminder tilkynningar og óþarfa skjöl af málinu? Sjá nánar **6.3.2.4 Tímamörk**

Ábyrgðaraðili getur eytt skjöldum sem hann hefur myndað en hann getur ekki eytt máli.

Skjalastjóri getur gert mál óvirkt ef þurfa þykir.

Ef skjöl máls eru á pappír þarf að koma þeim til skjalastjóra sem gengur frá þeim í málasafn.

Þegar ábyrgðaraðili hefur yfirfarið tiltekið mál og málsgögn setur hann málið í stöðuna *Lokið*.

Allt starfsfólk geta enduropnað mál sem hafa stöðuna *Lokið*.

5.12 Mál fært í skjalasafn

Skjalastjóri ber ábyrgð á að fylgjast með stöðu mála í skjalavörslukerfinu. Sjá nánar **3.3 Ábyrgð starfsfólks**.

Þegar mál hefur fengið stöðuna *Lokið* gengur skjalastjóri endanlega frá málinu í skjalasafn. Við frágang mála sem hafa fengið stöðuna *Lokið* er farið yfir eftirfarandi atriði:

- er efnislína málsins skýr og lýsandi fyrir efni málsins?
- er málið flokkað á réttan málalykil?
- er málið sett á rétt málasniðmát?
- er skráning málsins í samræmi við sambærileg mál?
- er þörf á að skrá efnisorð?
- er málsaðili réttur?
- eru aukamálsaðilar tengdir?
- þarf að tengja málið við annað mál?
- eru skráningaratriði málsins rétt?
- staða málsins er færð í *Fært í skjalasafn*

Þegar mál hefur fengið stöðuna *Fært í skjalasafn* er ekki hægt að gera neinar breytingar á málinu þ.e. málið er læst fyrir breytingum. Skjalastjóri getur enduropnað mál sem hafa stöðuna *Fært í skjalasafn*.

Ef skjöl málsins eru á pappír gengur skjalastjóri frá skjölunum í örklagi og prentar út forsíðu málsins og leggur hana efst í örkinu.

Skjölum hvers máls er raðað í dagsetningarröð í örklagi, elstu skjölin neðst en nýjustu skjölin efst. Arkir eru merktar með málsnúmeri og málalykli. Málum er síðan raðað eftir málalykli í málasafn og innan málalykla í málsnúmeraröð.

6 Skráning mála og málsgagna

6.1 Heiti mála*

Við skráningu á heiti máls, er gott að styðjast við leiðbeiningar sem koma fram á bls. 32 í leiðbeiningarriti Þjóðskjalasafns Íslands, *Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala*.¹²

Heiti mála þurfa að vera bæði lýsandi og samræmd. Mikilvægt er að heiti málsins sé skýrt og að **efnislínur sambærilegra mála á séu skráðar með sambærilegum hætti**.

Þegar málum eru gefin heiti er best að nota málasniðmát (sjá 5.9.3 Málasniðmát) þegar mál er stofnað, að svo miklu leyti sem mögulegt er, til að tryggja samræmingu.

Eftirfarandi gildir um skráningu mála:

- nöfn, heiti og stikkorð sem lýsa efni máls skal rita í nefnifalli og aðgreina þau með bandstriki, þar á eftir má skrifa nánari lýsingu eftir þörfum. Stundum eru notaðir svigar t.d. utan um ártöl eða skammstafanir
 - dæmi
 - eftirlit og ráðgjöf – Málalykill – Nafn afhendingarskylds aðila
 - afgreiðslufundir grisjunarbeiðna ár
 - afhending ár-númer – Heiti safns
 - afhending ár-númer – Nafn einstaklings (fæðingarár – dánarár) starfsheiti
 - grisjunarbeiðni – Nánari upplýsingar um beiðni
 - fyrirspurn – Lögreglumál – Dómsmál – Nánari lýsing eftir þörfum
 - vottorð um námsferil – Nafn skóla
- forðast skal að nota undirstrik „_“ í málsheitum því þá eru minni líkur á að málið finnist við leit
- forðast skal að nota skammstafanir¹³, ef þarf að nota skammstafanir þá er skal leysa úr þeim fyrst og skrifa síðan skammstöfunina í sviga svo hægt sé að leita eftir henni
 - dæmi
 - eftirlit og ráðgjöf – Málalykill – Listaháskóli Íslands (LHÍ)
- dagsetningar skal rita á eftirfarandi formi: dd.mm.áááá, sem dæmi 01.04.2022

¹² Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala: Reglur og leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir. Fylgiskjal 2 - Ábendingar um frágang á geymsluskrám, bls. 32. Slóð: <http://skjalasafn.is/files/docs/Fragangur-pappirsskjala-final.pdf>

¹³ Skjalastjóri heldur skrá utan um þær skammstafanir sem ekki hefur verið leyst úr og lætur þær fylgja með í vörsluútgáfu.

- ártöl skal rita á eftirfarandi formi: áááá
- tilvísunarnúmer yfir í önnur kerfi skal skrá á sama hátt og númerin eru skráð í þeim kerfum sem þau tilheyra. Sem dæmi er afhendingarnúmer ritað á eftirfarandi formi áááá-nr þ.e. 2022-5
- efnislínur starfsmannamála, einstakra starfsmanna, eiga að hefjast á orðinu Trúnaðarmál. Það sama á við um önnur mannauðsmál eins og starfsauglýsingar
 - dæmi
 - Trúnaðarmál – Starfsmannamappa – Nafn starfsmanns
 - Trúnaðarmál – Auglýst starf – Heiti starfs sem auglýst er
- efnislínu máls (heiti máls) má ekki rita með hástöfum (e. CAPS LOCK)

6.2 Heiti málsgagna (Efni skjals[★])

Efnislína/heiti málsgagna þarf að vera lýsandi fyrir efni skjalsins/málsgagnsins og jafnvel framvindu málssins. Góð regla er að byrja línumála á formi málsgagnsins og lýsa síðan efnisinnihaldinu. Æskilegt er að **efnisínur sambærilegra erinda séu skráðar með sambærilegum hætti**. Sjá nánar lista yfir algengustu heiti skjala **13 Fylgiskjal – Heiti málsgagna**.

Dæmi:

- Undirrituð grisjunarbeiðni
- Svarbréf varðandi málalykil
- Tilkynning um ...
- Minnisblað varðandi ...

Athugið að skjöl sem eru sett inn í rafrænt gagnasafn handvirkta, t.d. skönnuð skjöl, skal gefa lýsandi og samræmd heiti miðað við efni skjals. Sjá einnig

Tafla 1: Heiti málsgagna – dæmi um hvað er í lagi og hvað ekki.

Dæmi um skjal sem er ekki í lagi:

- Scan03122021.pdf
Þetta skjal þarf að endurnefna og gefa lýsandi heiti

Dæmi:

- Úrskurður og svar - Tilkynning um gagnasafn - OneCrm - 40-2021.pdf

Heiti skjala skulu hafa bókstafi. Ekki skal gefa málsgögnum heiti sem innihalda eingöngu tölustafi, jafnvel þótt nöfnin séu tilvísun í t.d. safnmark (t.d. 2002 B 70). Setja skal lýsandi heiti um efni skjalsins framan við safnmarkið.

Dæmi um skjal sem er ekki í lagi:

- 2002 B_70
Þetta skjal þarf að endurnefna og gefa lýsandi heiti

Dæmi:

- Útlán – Forsætisráðuneytið – 2002 B 70

Viðhengi í tölvupósta halda sínum upprunalegum heitum, þar sem tölvupósturinn sjálfur telst vera nægjanlegt lýsigagn fyrir viðhengið. Hins vegar ef viðhengið er síðan sett handvirkta inn í málið og það hefur ekki lýsandi heiti, skal bæta lýsandi heiti innan hornklofa.

Dæmi:

- Scan03122021 [Undirrituð grisjunarbeiðni]
- Notendahandbók skjalavistun LSNE [Löggreglustjórinn á Norðurlandi eystra] nóv 2021.pdf

Forðast skal að nota undirstrik „_“ í heitum málsgagna því það torveldar leit.

Forðast skal að nota skammstafanir.¹⁴ Hér að ofan var málsgagn sem innihélt skammstöfun móttekið og þá þurfti að leysa úr skammstöfuninni.

Ef þarf að nota skammstafanir í heitum málsgagna þá skal leysa úr þeim fyrst og skrifa síðan skammstöfunina í sviga svo hægt sé að leita eftir henni.

Dæmi:

¹⁴ Skjalastjóri heldur skrá utan um þær skammstafanir sem ekki hefur verið leyst úr og lætur þær fylgja með í vörsluútgáfu.

- Beiðni um samþykki fyrir skjalageymslu – Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR)
Þá sést hvert upprunalega heitið var, en einnig er lýsandi heiti til staðar sem hægt er að leita eftir.

Tafla 1: Heiti málsgagna – dæmi um hvað er í lagi og hvað ekki

Aðgerð	Dæmi um heiti sem er í lagi	Dæmi um heiti sem er ekki í lagi
Skönnuð skjöl	Úrskurður og svar – Tilkynning um gagnasafn – OneCrm – 40-2021.pdf	Scan03122021.pdf
Heiti skjala – verður að innihalda bókstafi	Útlán – Forsætisráðuneytið – 2002 B_70 2002 B 70	2002 B_70
Viðhengi sett handvirkta inn í mál	Scan03122021 [Undirrituð grisjunarbeiðni]	Scan03122021.pdf
Viðhengi sett handvirkta inn í mál	Notendahandbók skjalalistun LSNE [Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra] nóvember 2021.pdf	Notendahandbók skjalalistun LSNE nót 2021.pdf
Leysa úr skammstöfunum, bæta skammstöfun innan sviga ef hún þarf að vera leitarbær	Beiðni um samþykki fyrir skjalageymslu – Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR)	Beiðni um samþykki fyrir skjalageymslu – ÍSOR

6.3 Skráning mála

Erindi og verkefni allra sviða Þjóðskjalasafns, sem falla undir framangreinda skilgreiningu á skjalaflokknum málasafn, á að skrá sem mál í One.

Allir notendur skjalavörslukerfisins hafa heimild til þess að skrá mál og skjöl.

Erindi sem berast beint til starfsfólks getur það því skráð sjálft eða sent til skjalastjóra til skráningar.

Erindi sem berast með pósti og/eða á almenn netföng safnsins eru skráð samdægurs, sjá kaflann:

7.1 Móttaka bréfpósts og erinda.

Skylt er að skrá stjörnumerktu atriðin , þ.e. ekki er haegt að ljúka skráningu nema þau séu til staðar. Skjalavörslukerfið býr sjálfkrafa til þau atriði sem merkt eru með tveimur stjörnum. Önnur

skráningaratriði eru valfrjáls en skjalastjóri gengur ekki frá máli í stöðuna **Fært í skjalasafn** nema að lokinni yfirferð á þessum skráningaratriðum.

Skráningaratriði mála nýtast til að endurheimta mál með skjótum hætti. Með þeim er hægt að fá yfirsýn yfir tölfraði og stöðu einstakra mála.

Í 3. gr. reglna um skráningu mála og málsgagna nr. 85/2018 kemur fram að færa skulu í skrá upplýsingar um mál til auðkenningar og endurheimtar þeirra. Að lágmarki skal skrá eftirfarandi upplýsingar um mál:

- dagsetningu þegar mál er stofnað
- auðkenni í skjalaflokkunarkerfi
- auðkenni máls
- málsaðila
- heiti máls

Einnig er æskilegt að fram komi upplýsingar um málstegund, tímafresti, ábyrgðaraðila máls og aðgangsstýringar.

Í One uppfylla eftirfarandi svæði þessi atriði:

- ***dagsetning máls*** Dagsetningu þegar mál er stofnað sjá **6.3.1 Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál**
- ***málalykill*** Auðkenni í skjalaflokkunarkerfi sjá **6.3.2.2 Málalykill***
- ***málsnúmer*** Auðkenni máls sjá **6.3.1 Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál**
- ***málsaðili*** sjá **5.9.1 Viðskiptavinir (málsaðilar)**
- ***heiti*** Heiti máls sjá **6.1 Heiti mála***
- ***tegund máls*** Málstegund sjá **6.3.3.5 Tegund máls***
- ***tíamörk máls*** Tímafresti sjá **6.3.2.4 Tímamörk**
- ***ábyrgðaraðili*** Ábyrgðaraðili máls: sjá **6.3.2.3 Ábyrgðaraðili***
- ***öryggi*** Aðgangsstýringar sjá **6.3.5 Skráningaratriði máls – Öryggi**
- ***verk*** sjá nánar **6.3.6 Skráningaratriði máls – Verk máls**

Starfsfólk, sem ekki er skráð sem aðili að máli en ætti að hafa vitneskju um erindið, skal upplýst um það. Það er hægt að gera með því að senda viðkomandi starfsmanni tengil á málið eða bæta viðkomandi við sem viðtakanda skjals um leið og skjal er skráð.

Í næstu köflum er þeim atriðum sem hægt er að skrá um mál lýst.

6.3.1 Skylduatriði sem skrást sjálfkrafa fyrir mál

Stjörnumerktu atriðin eru þau skylduatriði sem nauðsynlegt er að skrá.¹⁵ Atriði merkt með tveimur stjörnum býr skjalavörlukerfið til sjálfkrafa. Önnur atriði eru valfrjáls en mælt er með sem ítarlegastri skráningu því góð skráning auðveldar endurheimt. Ábyrgðaraðili máls ber ábyrgð á því að skráningaratriðin séu rétt, sjá nánar **5.11 Lokun mála**. Skjalastjóri gengur ekki frá máli í stöðuna *Fært í skjalasafn* nema fara yfir þessi skráningaratriði, sjá **5.12 Mál fært í skjalasafn**.

